

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar nr. 1053/2013 um framlengingu á banni við veiðum og umferð skipa í Kolgrafa- og Urthvalafirði á Snæfellsnesi.

1. gr.

Reglugerð nr. 1053/2013 um framlengingu á banni við veiðum og umferð skipa í Kolgrafa- og Urthvalafirði á Snæfellsnesi fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.